Ísafirði 30. ágúst 2019

Til íþrótta- og tómstundanefndar Ísafjarðarbæjar

Hér með óskar HSV eftir að við gerð fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar næsta ár verði gert ráð fyrir að íþróttahús Ísafjarðarbæjar verði opin fyrir notkun samkvæmt stundaskrá strax í skólabyrjun.
Það er best fyrir iðkendur aðildarfélaga HSV og foreldra þeirra að vetrarstarfið hefjist í skólabyrjun svo ekki komi tímabil þar sem á einum stað er unnið eftir vetraráætlun en á öðrum eftir sumaráætlun líkt og verið hefur.
Að sama skapi þyrfti frístundarúta að fara á vetraráætlun strax þegar skólar byrja.

Einnig óskum við eftir að opnunartími íþróttahússins á Torfnesi á sumrin miðist við að flestar íþróttagreinar eru nú iðkaðar allt árið sérstaklega hjá ungmennum og fullorðnum. Það er brýnt að einnig sé hægt að bjóða upp á æfingar yfir sumartímann á tímum sem henta iðkendum.

Fyrir hönd HSV

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir
Framkvæmdastjóri HSV